



Öndunarfærasýkingar


Vika 1

2.- 8. janúar 2023


Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa


Töluvert færri greindust með inflúensu í fyrstu viku ársins 2023 samanborið við vikuna á undan (Mynd 1). Samtals greindust 45 einstaklingar, þar af 32 með inflúensustofn A(H1) pdm09, sex með stofn A(H3) og sjö með stofn B. Þetta eru rannsóknir frá rannsóknarstofu. Áfram greinast hlutfallslega flestir á aldrinum 0-4 ára og 65 ára og eldri og er það í samræmi við undanfarin inflúensutímabil (Mynd 2). Fjöldi með inflúensulík einkenni, sem eru klínískar greiningar á öndunarfæraeinkennum skráðar í sjúkraskrá, fækkaði einni töluvert á milli vikna (Mynd 3).



Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum. Veturinn 2022-2023 til og með viku 1 2023.




Mynd 2. Fjöldi á 100.000 íbúa með staðfesta influensu eftir aldri. Veturinn 2022-2023 til og með viku 1 2023.



Mynd 3. Fjöldi með influensulík einkenni samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015-2022.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Svipaður fjöldi greindist með COVID-19 í fyrstu viku ársins 2023 samanborið við vikuna á undan, eða 192 einstaklingar (Mynd 4). Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna er áfram hátt en hefur farið lækkandi undanfarnar fjórar vikur. Fjöldi sýna er frekar svipaður á milli daga nema um helgar.




Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga veturinn 2022-2023 eftir vikum.

RSV og aðrar öndunarferasýkingar

Áfram greinist fjöldi með RS veiru (RSV). Í fyrstu viku ársins greindust 35 einstaklingar, þar af 14 börn á aldrinum 0-1 árs. RSV veldur yfirleitt vægum veikindum en getur valdið alvarlegum veikindum eins og lungnabólgu hjá ungum börnum og fólki eldra en 65 ára. Ekkert bóluefni eða lyf er til gegn RSV. Af öðrum öndunarferaveirum greinist mest af Rhinoveirum, kórónaveirum öðrum er SARS-CoV-2, og Metapneumóveiru (hMPV), sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Skarlatssótt


Undanfarið hefur orðið aukning í klínískum greiningum á skarlatssótt (Mynd 5). Á árinu 2022 fengu 523 einstaklingar þessa greiningu en árin á undan voru það að meðaltali rúmlega 300 einstaklingar. Virðist þessi aukning ætla að halda áfram á árinu 2023. Streptókokkar grúppa A geta valdið skarlatssótt og er hún [skráningarskyldur sjúkdómur](#). Þessi baktería eru einnig orsök streptókokka [hálsbólgu](#). Þá hefur verið töluvert um innlagnir vegna ífarandi streptókokka af grúppu A, sem er mun alvarlegri sýking, en er ekki skráningar- eða tilkynningarskyldur sjúkdómur. Bóluefni er ekki á markaði. Streptókokkar grúppa A smitast með dropum frá öndunarvegi og beinni snertingu. Einkennin geta verið lík veirusýkingu en streptókokkar eru bakteríusýking sem algeng sýklalyf virka gegn. Bakteríusýkingin getur komið í kjölfar fyrri veirusýkingar. Bólusetningar gegn veirusýkingum, almennar sóttvarnir og hreinlæti minnka líkur á smiti.




Mynd 5. Uppsafnaður fjöldi greininga á skarlatssótt eftir árum. Árið 2023 til og með 10. janúar.

Innlagnir á sjúkrahús

Verulega dró úr fjölda innlagna á Landspítala vegna inflúensu síðastliðna viku borið saman við vikurnar á undan. Fjöldi innlagna með eða vegna COVID-19 jókst en fjöldi innlagna vegna RSV var svipaður milli vikna (Mynd 6). Innlagnir eru algengastar í elstu aldurshópunum vegna COVID-19 og inflúensu en í yngstu aldurshópunum vegna RSV (Mynd 7). 27 einstaklingar eru nú inniliggjandi á Landspítala með COVID-19, tveir þeirra eru á gjörgæslu.



Mynd 6. Fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir vikum og aldri.



Mynd 7. Uppsafnaður fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir aldri.

Samantekt

Færri greindust með COVID-19 og inflúensu í liðinni viku samanborið við vikuna á undan. Færri lögðust inn vegna inflúensu en fleiri með eða vegna COVID-19 fyrstu viku ársins borið saman við vikurnar á undan. Fjöldi greininga og innlagna vegna RSV var svipaður milli vikna. Aukning er á sýkingum vegna Streptókokka af grúppu A. Klínískar greiningar benda til hærri tíðni öndunarfærasykinga en í venjulegu ári.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

